

Nóvember 2024



# Samantekt um áherslur og aðgerðir í varnarmálum

Stjórnarráð Íslands  
Útanríkisráðuneytið



Útgefandi:

Utanríkisráðuneytið

Samantekt um áherslur og aðgerðir í varnarmálum

Nóvember 2024

[utn@utn.is](mailto:utn@utn.is)

[www.utn.is](http://www.utn.is)

Umsjón:

Utanríkisráðuneytið

Ljósmyndir: Sendiráð Bandaríkjanna, Ole Andreas Vekve/Norski herinn, U.S. Air Force/Heather Salazar, Erla Ziskasen, Atlantshafsbandalagið, forsætisráðuneytið, Anton Brink, Ola Berglind/Ledningsregementet.

©2024 - Utanríkisráðuneytið

# Efnisyfirlit

Inngangsorð .....	4
1. Ábyrg og virk þátttaka í varnarsamstarfi .....	5
Hagsmunagæsla og þátttaka í starfi Atlantshafsbandalagsins efld .....	5
Varnarsamstarfið við Bandaríkin treyst .....	7
Aukin þátttaka og framlag til svæðisbundinnar varnarsamvinnu.....	9
2. Varnarstuðningur við Úkraínu.....	12
Framlög í sjóði til stuðnings Úkraínu .....	13
Þjálfunarverkefni .....	13
Búnaður, birgðir og flutningar .....	14
3. Innlendur viðbúnaður og varnir.....	15
Framlög og fjárfestingar .....	16
Varnaráætlanir og æfingar.....	17
Fjölþáttaógnir og áfallapol .....	17
Upplýsingagjöf og þekkingaruppbygging .....	18
4. Næstu skref.....	20

# Inngangsorð



Miklar breytingar hafa orðið í öryggis- og varnarmálum á síðustu árum í kjölfar innrásarstríðs Rússlands í Úkraínu og vegna aukinnar togstreitu í alþjóðasamskiptum. Spenna fer vaxandi og er ekki lengur hægt að útiloka hernaðaráttök í heiminum sem haft geta meiri áhrif á Íslandi en nokkru sinni fyrr á lýðveldistímanum. Því miður virðast litlar líkur til þess að draga muni úr spennu á næstu árum.

Ísland hefur staðið vörð um lýðræði, mannréttindi og alþjóðalög með virkri þátttöku í alþjóðasamstarfi. Óflug þátttaka Íslands og stuðningur við alþjóðalög, alþjóðastofnanir og fjölþjóðasamstarf með samvinnu við önnur lýðræðisríki er mikilvægur liður í því að tryggja öryggi og fullveldi Íslands á óvissutímum. Samhliða því hefur markvisst verið unnið að því að auka þátttöku í varnarsamstarfi, efla varnarviðbúnað á Íslandi ásamt því að bæta skipulag og framkvæmd varnarmála innanlands til að mæta versnandi öryggishorfum og vaxandi spennu. Margt hefur áunnist en margt er enn ógert.

Á síðustu árum hefur áhersla verið lögð á að bregðast hratt við og laga viðbúnað og varnarsamstarf okkar að breyttum aðstæðum samhliða því að skerpa á forgangsröðun og stefnumótun í varnarmálum. Ísland hefur lagt sig sérstaklega fram um að auka þátttöku í varnartengdum verkefnum, meðal annars með því að taka þátt í fjármögnun varnarbúnaðar fyrir Úkraínu í samstarfi við önnur lýðræðisríki. Slík verkefni hafa hlotið þverpólitískan stuðning á Alþingi en leggja þarf aukna áherslu á að dýpka og efla almenna umræðu um framlag og þátttöku Íslands í varnarsamstarfi í ljósi gjörbreyttrar heimsmyndar.

Útgangspunkturinn í þeirri vinnu sem unnin hefur verið á síðustu árum er að stjórnvöld eiga að gera það sem þau geta til að tryggja öryggi eigin borgara og vera traustur og ábyrgur bandamaður.

Á grundvelli þjóðaröryggisstefnunnar og varnarmálalaga er nú unnið að því að kjarna þessarar áherslur í varnarmálastefnu til lengri tíma. Sú vinna mun fara fram í samráði við utanríkismálanefnd Alþingis, þjóðaröryggisráð og önnur ráðuneyti og stofnanir. Þar er horft til þeirra öryggisáskorana sem við sjáum í dag og til framtíðar, áherslna í fjölþjóðlegu varnarsamstarfi og hvaða viðbúnað og getu við þurfum sjálf að koma okkur upp til að tryggja eigið öryggi og áfallaþol. Mikilvægt er að horfa til þeirra verkefna sem unnið hefur verið að í varnarmálum á síðustu árum og eru helstu áfangar reifaðir í þessari samantekt um varnarmál sem er innlegg í umræðu og stefnumótun í málaflöknum.

*Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir utanríkisráðherra*

# 1. Ábyrg og virk þátttaka í varnarsamstarfi



Mynd 1 Norðmenn sinntu loftrýmisgæslu Atlantshafsbandalagsins við Ísland í janúar og febrúar 2023.

## Hagsmunagæsla og þátttaka í starfi Atlantshafsbandalagsins eflid

Atlantshafsbandalagið hefur á síðustu árum lagt stóru áherslu á sameiginlega fælingu og varnir með það að markmiði að tryggja sameiginlegar varnarskuldbindingar í ljósi breyttra öryggisaðstæðna. Varnarviðbúnaður hefur verið endurnýjaður, áætlanir hafa verið uppfærðar, herstjórnir styrktar, viðbragðsgeta hefur verið eflid og liðsafl aukinn. Sett hafa verið skýr viðmið um aukin framlög til varnarmála sem skuli nema að lágmarki 2% af vergri landsframleiðslu. Þá hefur samvinna við samstarfsríki bandalagsins og stofnanir verið aukin. Unnið er að því að tryggja tæknilegt forskot bandalagsríkja með nýjum sjóðum og auknu samstarfi um tækni, iðnað og nýsköpun.

### Helstu áherslur og aðgerðir:

- Þátttaka Íslands í starfi bandalagsins hefur verið aukin, þ.m.t. í höfuðstöðvum og herstjórnnum (fastanefnd, alþjóðastarfsliði, yfirherstjórn, flotaherstjórn, svæðisherstjórn) til að leggja meira af mörkum til sameiginlegra varna, gæta betur að varnarhagsmunum Íslands og tryggja upplýsingaflæði.
- Sérstök áhersla hefur verið lögð á öryggi og varnir á Norður-Atlantshafi og norðurslóðum í samvinnu við helstu grannríki sem hefur skilað sér í skýrari stefnumótun og aukinni getu og viðbúnaði bandalagsins á okkar nærsvæði.

- Þessum áherslum hefur verið fylgt eftir með nánara samstarfi og auknum stuðningi við aðgerðir, æfingar og eftirlit bandalagsríkja í nágrenni Íslands, sérstaklega í tengslum við viðbúnað flugherja og flota.
- Horft er sérstaklega til þess að efla loftrýmisgæslu bandalagsins á Íslandi, m.a. með þátttöku fleiri ríkja og einnig með styttri æfinga- og eftirlitsverkefnum flugherja bandalagsríkja.
- Aukin áhersla á fjölþáttaógnir, netöryggismál og greiningar- og upplýsingamál í starfi Íslands innan bandalagsins til samræmis við hættumat og hagsmuni.
- Virk þátttaka í þróun varnaráætlana Atlantshafsbandalagsins sem snúa að viðbúnaði á Norður-Atlantshafi og norðurslóðum til samræmis við varnarhagsmuni Íslands.
- Nýjar áætlanir kalla á aukinn viðbúnað, gistiríkjustuðning, innviði og bætt upplýsingaskipti og því er þörf fyrir frekari fjárfestingar bæði af hálfu íslenskra stjórnvalda og bandalagsins.
- Rík áhersla hefur verið lögð á stuðning við Úkraínu í gegnum sjóði Atlantshafsbandalagsins og einstakra aðildarríkja og þjálfunarverkefni, enda er það mat bandalagsins að öryggi Úkraínu sé samofað öryggishagsmunum allra bandalagsríkja.
- Ísland styður varnarviðbúnað Atlantshafsbandalagsins í Eistlandi, Lettlandi og Litáen þar sem starfa sérfræðingar í upplýsingamiðlun.
- Þátttaka í störfum bandalagsins hefur verið aukin og áhersla verið lögð á að senda sérfræðinga til tímabundinna starfa. Þannig skilar verðmæt þekking sér til baka til ráðuneyta og stofnana sem fást við öryggis- og varnarmál.
- Öflugt framlag og virk þátttaka í nýsköpunarsjóði og nýsköpunarhraðli bandalagsins sem skiptir máli fyrir tæknilegt forskot og stöðu bandalagsríkja. Íslensk verkefni hafa nú þegar hlotið stuðning og íslenskur stjórnarmaður verið valinn í framkvæmdastjórn sjóðsins.

Loftrýmisgæsla Atlantshafsbandalagsins: Frá árinu 2008 hefur verið viðhöfð reglubundin loftrýmisgæsla Atlantshafsbandalagsins við Ísland. Þetta er liður í að gæta að nyrðri mörkum bandalagsins með kerfisbundnu rauntímaeftirliti, gæslu og auðkenningu loftfara. Verkefnið er skipulagt í samvinnu utanríkisráðuneytisins og yfirherstjórnar bandalagsins en starfsfólk á öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli annast framkvæmdina af Íslands hálfu í umboði utanríkisráðuneytisins. Alls hafa ellefu bandalagsríki lagt til liðsafla og flugsveitir til loftrýmisgæslu við Ísland frá 2008.



Mynd 2 Sérstök flugsveit bandaríska flughersins starfaði tímabundið frá öryggissvæðinu á Keflavíkurlugvelli um miðjan ágúst 2023 með þrjár langdrægar B-2 sprengjuflugvélar.

## Varnarsamstarfið við Bandaríkin treyst

Samstarfið við Bandaríkin um öryggis- og varnarmál hefur ekki verið eins náið frá brotthvarfi varnarliðsins 2006 að því er varðar samráð við hermálafirvöld, aðgerðir, upplýsingaskipti og framkvæmdum á varnarsvæðum.

Varnarsamningurinn við Bandaríkin frá 1951 stendur traustum fótum og birtast gagnkvæmar varnarskuldbindingar í daglegu samstarfi, viðveru og viðbúnaði.

Ríkin hafa skýra sameiginlega hagsmuni af því að tryggja öryggi Norður-Atlantshafsins sem skiptir sköpum fyrir varnir Norður-Ameríku og Evrópu.

### Helstu áherslur og aðgerðir

- Reglubundið samráð við ráðherra og fulltrúa bandarísku utanríkis- og varnarmálaráðuneytanna.
- Stóraukið samráð og samstarf við lykilherstjórnir og stofnanir Bandaríkjanna, m.a. með skipun sérstaks varnarmálafulltrúa í sendiráði Íslands í Washington.
- Aukið samstarf og viðvera vegna aðgerða og verkefna Bandaríkjanna á grundvelli varnarsamningsins og sameiginlegra varnarskuldbindinga, m.a. í tengslum við stórukna kafbátaleit, þjónustuheimsóknir kafbáta og fælingaraðgerðir flugsveita í Norður-Evrópu.
- Aukið samstarf um upplýsinga- og greiningarmál, sérstaklega hvað varðar ógnir á hafi með það að markmiði að bæta stöðuvitund á hafsvæðinu í kringum Ísland.
- Ráðist hefur verið í mikilvægar framkvæmdir sem snúa að sameiginlegum varnarhagsmunum ríkjanna sem hlaupa á tugum milljarða króna, s.s. stækkun flughlaða, bygging birgðageymslna fyrir flugvallarbúnað, og bættri þjónustuaðstöðu fyrir liðsafla. Einnig er í undirbúningi stækkun á eldsneytisbirgðastöðinni í Helguvík, uppbygging stjórnstöðvar fyrir kafbátaeftirlit, auk fleiri verkefna. Allt styður þetta

varnir og viðbragðsgetu Bandaríkjanna og Atlantshafsbandalagsins á Íslandi.

- Þessi verkefni eru að mestum hluta fjármögnuð af bandarískum stjórnvöldum og mannvirkjasjóði Atlantshafsbandalagsins, en einnig að hluta af íslenskum stjórnvöldum.
- Unnið er að því að auka fyrirsjáanleika framkvæmda og treysta samstarfið til lengri tíma á grundvelli varnarsamningsins og tengdra samninga.

Varnarsamningur Íslands og Bandaríkjanna: Öryggis- og varnarsamstarf Íslands og Bandaríkjanna byggist á tvíhliða varnarsamningi ríkjanna frá árinu 1951. Samstarfið hefur þróast í takti við breytingar á öryggisumhverfi í okkar heimshluta og tekur nú til mun fleiri þátta en áður. Einnig fer fram reglubundið samráð milli utanríkisráðuneytis Íslands og utanríkis- og varnarmálaráðuneyta Bandaríkjanna um öryggis- og varnarmál á breiðum grunni.

Á síðustu árum hafa íslensk og bandarísk stjórnvöld aukið samstarf vegna eftirlits og viðbúnaðar á Norður-Atlantshafi. Ísland hefur um nokkurt skeið veitt gistiríkjastuðning við kaþbátaleitarflugvélar Bandaríkjanna og annarra bandalagsríkja á Keflavíkurflugvelli og bandaríski flugherinn hefur sinnt loftrymisgæslu á Íslandi nær árlega síðan 2008.





Mynd 3 Ný langtímafestna fyrir norrænt varnarsamstarf (NORDEFECO) til ársins 2030 var undirrituð á fundi norræna ráðherra og fulltrúa stjórnvalda í Færeyjum og Grænlandi sem fram fór í Þórshöfn í Færeyjum í apríl.

## Aukin þátttaka og framlag til svæðisbundinnar varnarsamvinnu

Svæðisbundnu varnarsamstarfi hefur vaxið fiskur um hrygg á síðustu árum og þá sérstaklega norræna samstarfinu (NORDEFECO), samstarfi á vettvangi sameiginlegu viðbragðssveitarinnar (JEF, Joint Expeditionary Force) og við helstu grannríki Íslands. Þá hefur samvinna við Evrópusambandið (ESB) um öryggis- og varnarmál verið aukin með reglubundnu samráði með áherslu á fjölþáttaðgnir og áfallaþol. Svæðisbundin varnarsamvinna er mikilvæg viðbót við varnarsamstarfið við Bandaríkin og samstarfið innan Atlantshafsbandalagsins. Styrkur svæðisbundna varnarsamstarfsins er að þátttökuríkin deila svæðisbundnum öryggisáskorunum og þekkja vel til aðstæðna og getu hvert annars og geta þannig brugðist hratt við spennuástandi eða hvers kyns áskorunum.

### Helstu áherslur og aðgerðir:

#### Norrænt varnarsamstarf (NORDEFECO)

- Norræn varnarsamvinna hefur fengið stóraukið vægi í varnarsamstarfi Íslands eftir innrás Rússlands í Úkraínu og inngöngu Finnlands og Svíþjóðar í Atlantshafsbandalagið.
- Ísland tekur nú fullan þátt í öllum hliðum norræns varnarsamstarfs og hefur mikil uppbygging átt sér stað á hermálahlíðinni, m.a. varðandi áætlanagerð fyrir Norðurlöndin, upplýsingaskipti og samskipti herstjórna.
- Markvisst hefur verið unnið að því að varnir Norðurlandanna verði samþættar og falli undir sama herstjórnarskipulag og varnaráætlanir innan Atlantshafsbandalagsins, þ.e. svæðisherstjórnina í Norfolk í Bandaríkjunum.

- Horft er til frekari sóknarfæra í norrænu varnarsamstarfi m.a. í tengslum við sameiginleg viðbrögð í neyðarástandi, innkaup og verkefni og þróun á margvíslegri getu sem nýtist í bæði hernaðarlegum og borgaralegum tilgangi.

Ný langtímastefna fyrir norrænt varnarsamstarf (NORDEFCO) til ársins 2030 var undirrituð á norrænum ráðherrafundi í Þórshöfn í Færeyjum í apríl. Síðar tilkynntu yfirmenn hermála landanna um stefnuramma fyrir norrænt varnarsamstarf. Markmið hans er að bæta getu Norðurlanda til að mæta sameiginlegum áskorunum í öryggismálum, hvort sem er á tímum friðar, spennu eða átaka.



Mynd 4 Yfirmenn hermála norrænu ríkjanna funduðu á Íslandi í október og kynntu sér m.a. starfsemi Rafnar-báta.

#### Sameiginlega viðbragðssveitin (JEF)

- Samstarfið er nýtt til að tengja saman og styrkja samstarf við grannríki í Norður-Evrópu þ.e. hin norrænu löndin, Eystrasaltsríkin, Bretland og Holland.
- Samstarfið styrkir einnig tvíhliða samstarf við Bretland um öryggisþólitísk og hernaðarleg málefni, sem er sérstaklega gagnlegt í ljósi mikilvægis Bretlands fyrir öryggi á Norður-Atlantshafi.
- Ísland tekur virkan þátt í starfi viðbragðssveitarinnar, m.a. hafa æfingar verið haldnar á Íslandi og Ísland tekið þátt í aðgerðum vegna eftirlits með neðansjávarinnviðum.
- Þróaðar hafa verið viðbragðsáætlanir innan samstarfsins sem ná til spennuástands og fjölþáttaóagna.
- Fulltrúar Íslands taka þátt í starfi höfuðstöðva sameiginlegu viðbragðssveitarinnar í Bretlandi, æfingum og áætlanagerð.

Sameiginlega viðbragðssveitin (JEF) er vettvangur líkt þenkjandi ríkja um öryggis- og varnarmál sem Bretland leiðir. Áhersla samstarfsins er á norðurslóðir, Norður-Atlantshaf og Eystrasalt. Samstarfið er mikilvægur vettvangur grannríkja í Norður-Evrópu sem tryggir skjót viðbrögð við hvers kyns aðstæðum á spennu- og ófriðartímum og styður við annað fjölþjóðasamstarf í Evrópu, svo sem á vegum Atlantshafsbandalagsins. Þátttökuríkin eiga einnig reglubundið og virkt þólitískt samráð. Aðild að sveitinni eiga, auk Breta, Norðurlöndin, Eystrasaltsríkin og Holland.

### Evrópusambandið

- Formlegu reglubundnu samráði við Evrópusambandið (ESB) um öryggis- og varnarmál var komið á fót og samráð á ráðherrastigi eflt.
- Aukin áhersla hefur verið lögð á að fylgjast með og gæta að hagsmunum sem snúa að öryggis- og varnarmálum hjá ESB, þ.m.t. hvað varðar stefnumótun, regluverk og efnahagsöryggi.
- Sérstaklega hefur verið horft til þess að auka samstarf í tengslum við stefnumótun og aðgerðir gegn fjölþáttaógnum og netöryggismálum.
- Áhersla hefur verið lögð á að tryggja samlegð, skilvirkni og skýra verkaskiptingu milli Atlantshafsbandalagsins og ESB.
- Ísland hefur nýtt sér samstarfið við ESB í tengslum við stuðningsverkefni og framlög til Úkraínu.

### Norðurslóðasamstarf

- Áhersla á að sýna forystu um samstarf um öryggismál á norðurslóðum þar sem varnarmálin hafa fengið stóraukið vægi til að tryggja víðtæka öryggishagsmuni Íslands, m.a. innan Atlantshafsbandalagsins og í svæðisbundnu samstarfi.
- Ísland hefur beitt sér fyrir því að norðurskautsríkin sjö, án Rússlands, verði áfram leiðandi í stefnumótun og umræðu um öryggis- og varnarmál á norðurslóðum á alþjóðavettvangi til samræmis við þjóðréttarlegar skyldur og réttindi.
- Stuðlað hefur verið að gagnsæi, fyrirsjáanleika og skýrum skilaboðum sem árétta fælingu og koma í veg fyrir misskilning eða aukna spennu á svæðinu.
- Unnið hefur verið að því að styrkja samstarf við bandalagsríki utan norðurslóða sem hafa tengingar, getu og vilja til að beita sér á svæðinu, sérstaklega Bretland en einnig Frakkland og Þýskaland.

### Tvíhliða grannríkjasamstarf styrkt

- Unnið hefur verið að því að auka samstarf við grannríki og þau ríki sem deila sameiginlegum öryggishagsmunum á Norður-Atlantshafi og norðurslóðum sem skiptir miklu máli fyrir skjót viðbrögð og fælingu í nágrenni Íslands, sérstaklega í tengslum við loft- og sjóvarnir.
- Reglubundið samráð og samstarf við helstu nágrannaríki um öryggisþólitísk og varnartengd málefni hefur verið aukið til að tryggja sameiginlega varnarhagsmuni, stöðuvitund og upplýsingaflæði á grundvelli grannríkjasamninga eða yfirlýsinga (við Danmörku, Kanada, Noreg, Bretland og Svíþjóð).
- Grannríkjasamningur um varnarsamstarf við Danmörku hefur verið uppfærður og til skoðunar er að gera slíkt samkomulag við Finnland.

## 2. Varnarstuðningur við Úkraínu



Mynd 5 Pórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir utanríkisráðherra, Lloyd Austin, varnarmálaráðherra Bandaríkjanna, Jens Stoltenberg, þáverandi frkvstj. Atlantshafsbandalagsins, og Oleksii Reznikov, þáverandi varnarmálaráðherra Úkraínu, á fundi í Ramstein 20. janúar 2023.

Stuðningur við varnarbaráttu Úkraínu vegna innrásarstríðs Rússlands er forgangsmál fyrir öryggi Evrópu og hafa ríki Atlantshafsbandalagsins og önnur lýðræðisríki litið á stuðninginn sem hluta af viðbúnaði og aðgerðum í öryggis- og varnarmálum. Frá upphafsdögum stríðsins hefur Ísland lagt sig fram við að styðja varnarbaráttu Úkraínu með málsvarastarfi í alþjóðastofnunum, þátttöku í þvingunaraðgerðum, mannúðaraðstoð og varnartengdum stuðningi.

Þingsályktun um stefnu um stuðning Íslands við Úkraínu var samþykkt með breiðum stuðningi stjórnar og stjórnarandstöðu 29. apríl sl. Á grundvelli þingsályktunarinnar gerði Ísland tvíhliða samning við Úkraínu um öryggissamstarf og langtíma stuðning sem forsætisráðherra og forseti Úkraínu undirrituðu í Stokkhólmi þann 31. maí sl.

Á leiðtogafundi Atlantshafsbandalagsins í Washington í júlí sl. var ákveðið að bandalagsríkin legðu sameiginlega 40 milljarða dollara árlega til varna Úkraínu, þeirri upphæð er deilt milli bandalagsríkjanna eftir vergri landsframleiðslu og tekur stuðningur Íslands einnig mið af því. Frá upphafi hefur verið lögð áhersla á að nýta kraft smæðarinnar, tryggja skjót viðbrögð og viðhalda sveigjanleika þegar kemur að framlagi Íslands. Ísland hefur sýnt mikið frumkvæði og tekist á hendur ný verkefni og ábyrgð í ljósi fordæmalausra aðstæðna í Evrópu, m.a. með því að setja á fót þjálfunarverkefni og vinna með öðrum að innkaupum á hergögnum og búnaði.

## Framlög í sjóði til stuðnings Úkraínu

### Helstu áherslur og aðgerðir:

- Margvíslegir fjölþjóðasjóðir hafa verið settir á fót til að styðja við varnarbaráttu Úkraínu og hefur Ísland lagt þeim lið með það að markmiði að varnartengdur stuðningur nýtist sem best við kaup á útbúnaði og birgðum og stuðningi við þjálfunarverkefni.
- Stærstu framlögin hafa verið í stuðningssjóð Atlantshafsbandalagsins (NATO's Comprehensive Assistance Package - CAP), m.a. vegna kaupa á vetrarbúnaði, rafstöðvum og búnaði fyrir konur í úkraínska hernum, og alþjóðlegan sjóð til stuðnings Úkraínu sem Bretar leiða (International Fund for Ukraine - IFU) sem styður kaup á hergögnum.
- Ísland leiðir ásamt Litáen ríkjahóp sem styður verkefni sem tengjast sprengjuleit og -eyðingu í Úkraínu og í tengslum við þann hóp hefur verið settur á fót sjóður til að styðja slík verkefni. Ísland tekur einnig þátt í starfi hóps sem styður aðgerðir í netvörnum sem Lúxemborg og Eistland leiða og hefur stutt við verkefni á vegum hans.



Mynd 6 Fjórði leiðtogafundur Norðurlandanna og Úkraínu fór fram á Þingvöllum í október.

## Þjálfunarverkefni

### Helstu áherslur og aðgerðir:

- Ísland hefur frá því snemma á síðasta ári leitt þjálfunarverkefni ásamt hinum norrænu löndunum og Litáen í sprengjuleit og -eyðingu sem fer fram í Litáen. Yfir 60 sérfræðingar hafa fengið þjálfun sem skiptir sköpum fyrir öryggi hermanna og borgara í Úkraínu.
- Úkraínsk sjóliðsforingjaefni hafa hlotið þjálfun um borð í skipum Landhelgisgæslunnar.
- Ísland tekur þátt í að þjálfa úkraínska hermenn sem leiðbeinendur í bráðameðferð á stríðssvæðum og geta þá miðlað þekkingu sinni áfram til annarra hermanna. Bretland leiðir verkefnið í samstarfi við Ísland og Holland.

## Búnaður, birgðir og flutningar

### Helstu áherslur og aðgerðir:

- Stærsta verkefnið til þessa eru kaup á færanlegu neyðarsjúkrahúsi í samræmi við ályktun Alþingis nr. 18/153 frá 31. maí 2023. Sjúkrahúsið samanstendur af tíu gámaeiningum sem mynda fullbúið sjúkrahús sem starfað getur sjálfstætt og án stuðnings svo dögum skiptir. Sjúkrahúsið var afhent Úkraínu haustið 2023.
- Frá upphafi átakanna hefur Ísland leitast við að bregðast hratt og vel við beiðnum um að aðstoða við flutninga á hergögnum til Úkraínu með flugi og landflutningum. Fyrsta verkefnið hófst nokkrum dögum eftir innrásina.
- Ísland sendi umtalsvert magn af vetrarfatnaði og búnaði til Úkraínu í samstarfi við íslensk fyrirtæki og einstaklinga, þ.m.t. hópinn sem stóð að átaksverkefninu „sendum hlýju“. Um níu tonn af vetrarbúnaði voru send til Úkraínu í desember 2022.



Mynd 7 Níu tonn af vetrarútbúnaði frá Íslandi fyrir varnarsveitir Úkraínu og almenning hlaðið um borð í kanadíska herflutningavél.

### 3. Innlendur viðbúnaður og varnir



Mynd 8 Af vettvangi varnaræfingar Íslands og Bandaríkjanna, Norður-Víkings 2024.

Markvisst hefur verið unnið að því að bæta innlendan varnarviðbúnað í samstarfi við Bandaríkin, Atlantshafsbandalagið og helstu samstarfsríki. Þunginn í þeim viðbúnaði snýr að samstarfi við önnur ríki en þar gegna einnig önnur ráðuneyti og stofnanir mikilvægu hlutverki, sérstaklega dómsmálaráðuneytið, Landhelgisgæslan, ríkislögreglustjóri og íslenska netöryggissveitin (CERT-IS).


Á grundvelli þjónustusamnings felur utanríkisráðuneytið varnarmálasviði Landhelgisgæslu Íslands framkvæmd varnartengdra rekstrarverkefna á Íslandi. Þannig annast Landhelgisgæslan, í umboði utanríkisráðuneytisins, rekstur íslenska loftvarnakerfisins, tekur þátt í samræmdu loftrýmiseftirliti og loftrýmisgæslu á vegum Atlantshafsbandalagsins og sér um framkvæmd gistiríkisstuðnings. Að auki annast embætti ríkislögreglustjóra, einnig á grundvelli þjónustusamnings við utanríkisráðuneytið, úrvinnslu upplýsinga og útgáfu öryggisvottana fyrir ráðuneytið.

Varnarmálaskrifstofa utanríkisráðuneytisins hefur verið eflid með því að fá til starfa sérfræðinga með fjölbreyttan bakgrunn og þar starfa einnig fulltrúar og tengiliðir frá ríkislögreglustjóra, Landhelgisgæslunni og CERT-IS sem hefur aukið viðbragðsflýti og bætt upplýsingaflæði og stöðuvitund. Í dag starfa um 100 manns beint eða óbeint við varnarmál á vegum Íslands, héraendis og erlendis.

## Framlög og fjárfestingar

Helstu áherslur og aðgerðir:

- Breytt öryggisumhverfi kallar á aukinn varnarviðbúnað og hafa ríki Atlantshafsbandalagsins skuldbundið sig til að verja að lágmarki tveimur prósentum af vergri landsframleiðslu til varnarmála. Þótt staða Íslands sé um margt ólík í ljósi herleysis hefur markvisst verið unnið að því að auka framlög til málaflöksins til að mæta aukinni þátttöku í fjölþjóðlegri varnarsamvinnu, efla innlendan viðbúnað og styrkja varnartengda innviði. Sérstaklega er horft til verkefna og fjárfestinga sem geta nýst bæði í hernaðarlegum og borgaralegum tilgangi.



Graf 1 Fjárframlög til varnarmála á fjárlögum 2016-2024 og þar af varnartengdur stuðningur við Úkraínu.

- Umfangsmiklar umbætur og framkvæmdir á varnarinnviðum sem styðja við varnir Íslands og eftirlits- og varnargetu Atlantshafsbandalagsins og Bandaríkjanna standa yfir og munu halda áfram á næstu árum. Íslensk stjórnvöld taka virkan þátt í þróun og framkvæmd þessara verkefna sem taka m.a. mið af nýjum varnaráætlunum Atlantshafsbandalagsins og eigin áætlanagerð.
- Ráðist hefur verið í uppbyggingu gistirýmis til að taka við erlendum liðsafla, byggingu birgðageymslu með búnaði til að gera við og reka flugvelli og stækkun flughlaða. Þá er í undirbúningi stækkun eldsneytisbirgðageymslunnar og nýr viðlegukantur í Helguvík, uppbygging stjórnstöðvar fyrir kafbátaeftirlit og fyrirhuguð endurnýjun á þotugildrum á Keflavíkurflugvelli. Frekari framkvæmdir eru fyrirhugaðar í tengslum við uppfærslu varnaráætlana.
- Þessi verkefni eru að mestum hluta fjármögnuð af bandarískum stjórnvöldum og mannvirkjasjóði Atlantshafsbandalagsins, en einnig að hluta af íslenskum stjórnvöldum.



## Varnaráætlanir og æfingar

### Helstu áherslur og aðgerðir:

- Ráðist hefur verið í uppfærslu á varnaráætlunum fyrir Ísland með þátttöku lykilstofnana og ráðuneyta og þær tengdar með skýrum hætti inn í áætlanir Atlantshafsbandalagsins og Bandaríkjanna.
- Áætlanagerð og æfingar eru mikilvægur liður í að meta og prófa nauðsynlegan varnarviðbúnað á Íslandi fyrir stjórnvöld, Atlantshafsbandalagið og Bandaríkin.
- Lögð hefur verið áhersla á virka þátttöku stofnana og viðbragðsaðila í þessari vinnu og sviðsmyndir úr áætlunum hafa verið prófaðar á skrifborðsæfingum og á varnaræfingunni Norður-Víkingi 2024.
- Þátttaka Íslands í varnaræfingum, bæði vegna hefðbundinna hernaðarógna og fjölþáttaógna, hefur verið aukin. Áhersla er lögð á að tengja betur íslenska viðbragðsaðila og stofnanir inn í þær æfingar þar sem það á við.
- Unnið hefur verið að því að fjölga æfingum á Íslandi og í nágrenni landsins enda eru þær mikilvægur liður í fælingarstefnu og árétta getu og vilja samstarfsríkja til að bregðast við þegar á reynir.



Mynd 9 Pólskt strandvarnarkerfi á varnaræfingunni Norður-Víkingi 2024.

Varnaræfingin Norður-Víkingur er haldin á grundvelli tvíhliða varnarsamnings Íslands og Bandaríkjanna og fer að jafnaði fram á tveggja ára fresti. Síðasta æfing fór fram um mánaðamótin ágúst-september í ár og sú næsta er fyrirhuguð 2026.

## Fjölþáttaógnir og áfallapól

### Helstu áherslur og aðgerðir:

- Hafin er vinna við kortlagningu á áfallapóli og útfærslu á viðmiðum Atlantshafsbandalagsins sem snúa að auknu áfallapóli. Vinnuna leiða dómsmálaráðuneyti, ríkislögreglustjóri og utanríkisráðuneyti í samstarfi við fjölmarga aðila. Sambærileg viðmið eru í þróun hjá ESB.
- Varnaráætlanir og vinna við bætt áfallapól eru nátengd og lúta að því að styrkja getu Íslands til að mæta áföllum og ógnum við ólíkar kringumstæður.
- Samstarf hefur verið styrkt við Atlantshafsbandalagið og ESB um fjölþáttaógnir, netöryggi og áfallapól.

- Samstarf við netöryggissveitina (CERT-IS) hefur verið styrkt, m.a. um forvarnir, viðbrögð og greiningar á ógnum og árásum.
- Markvisst hefur verið unnið að því að uppfylla og uppfæra þætti í aðgerðaáætlun stjórnvalda í netöryggi til 2027 sem eru á ábyrgðarsviði utanríkisráðuneytisins.
- Sérstaklega hefur verið horft til þess að efla innlent og erlent samstarf um öryggi neðansjavarinnviða til að tryggja enn frekar öryggi þessara mikilvægu tenginga Íslands og umheimsins.
- Samstarf við greiningardeild ríkislögreglustjóra um fjölþáttaógnir hefur verið eflt.



Mynd 10 Íslenski hópurinn á Locked Shields, netvarnaræfingu Atlantshafsbandalagsins, 2024.

## Upplýsingagjöf og þekkingaruppbygging

### Helstu áherslur og aðgerðir:

- Markviss upplýsingagjöf um varnartengd málefni hefur verið aukin.
- Lögð hefur verið rík áhersla á að upplýsa utanríkismálanefnd um allar vendingar og stefnumótandi ákvarðanir í varnarmálum, m.a. með trúnaðarkynningum í öruggu rými um viðkvæmari málefni.
- Kerfisbundið hefur verið unnið að því að styrkja samstarf og upplýsingagjöf þvert á ráðuneyti og stofnanir sem koma að öryggis- og varnarmálum.
- Utanumhald vegna samninga við Landhelgisgæsluna um framkvæmd varnartengdra verkefna hefur verið sett í fastari skorður til að tryggja skilvirkni, eftirlit og ábyrgð, sem hefur reynst vel.
- Gert hefur verið áttak í að efla umræðu um öryggis- og varnarmál og kynna betur starfsemi ráðuneytisins á því sviði gegnum fjölmiðla, fræðasamfélagið og í samstarfi við félagasamtök.
- Fulltrúar ráðuneyta og stofnana eiga reglubundna samráðsfundi til að efla stöðuvitund, samstarf og samvinnu um öryggismál.
- Aukin áhersla hefur verið lögð á að tryggja stöðuvitund og miðlun upplýsinga og gagna um hugsanlegar áskoranir og ógnir í samvinnu við hin norrænu löndin og ríki Atlantshafsbandalagsins.
- Unnið er að hættumati á sviði varnarmála í samræmi við ákvæði varnarmálalaganna sem gert er ráð fyrir að verði uppfært reglulega.
- Haldin eru reglubundin námskeið í varnar- og öryggismálum í samstarfi utanríkisráðuneytisins og dómsmálaráðuneytisins þar sem fulltrúum frá ráðuneytum, stofnunum, fjölmiðlum og fræðasamfélaginu er boðin

hagnýt fræðsla um öryggis- og varnarmál. Um 50 manns hafa lokið slíkum námskeiðum.

- Markvisst hefur verið unnið að því að efla þátttöku kvenna í öryggis- og varnarmálum bæði í ráðuneytinu og í verkefnum erlendis í samræmi við framkvæmdaáætlun Íslands um ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1325 um konur, frið og öryggi.
- Lögð hefur verið aukin áhersla á að senda starfsfólk á sérhæfð námskeið í varnarmálum hjá nágrennaríkjum og Atlantshafshafsbandalaginu. Þá hafa erlendir sérfræðingar veitt leiðsögn og ráðgjöf um varnarmál á Íslandi.
- Efla þarf rannsóknir og nám sem tengist öryggis- og varnarmálum.

## 4. Næstu skref

Á grundvelli 1. mgr. 3. gr. varnarmálalaga, nr. 34/2008, um að utanríkisráðherra fari með yfirstjórn varnarmála og framkvæmd laganna og beri ábyrgð á gerð hættumats á sviði varnarmála og mótun og framkvæmd öryggis- og varnarstefnu Íslands á alþjóðavettvangi, er hafin vinna við að móta varnarmálastefnu til lengri tíma. Þessi vinna mun fara fram í samráði við utanríkismálanefnd Alþingis, þjóðaröryggisráð og önnur ráðuneyti og stofnanir.

Í slíkri stefnumótun yrði gerð grein fyrir öryggisáskorunum, áherslum í fjölþjóðlegri varnarsamvinnu, aðgerðum til að efla innlendan viðbúnað og getu, og að endingu aðgerðaáætlun með tillögum að forgangsröðun og fjármögnun.

Ísland stendur frammi fyrir gerbreyttu landslagi í varnarmálum. Ekki er útlit fyrir að ástandið í Evrópu breytist til hins betra í bráð og lengd. Ísland þarf þar af leiðandi að tryggja öryggi sitt, uppfæra áætlanir, viðbrögð og getu til að takast á við nýjan og breyttan veruleika.

Þar ber að leggja áherslu á virka þátttöku í varnarsamstarfi og eflingu innlands viðbúnaðar og innviða. Einungis þannig getur Ísland tryggt stöðu sína í breyttu landslagi varnarmála í Evrópu og tryggt öryggi lands og þjóðar til framtíðar.

